

14. fundur stýrihóps um forvarnir haldinn 19. október 2022 í fundarsal Ráðhússins kl 10:00

Mættir: Sigurður Þór Ágústsson, Eydís Bára Jóhannsdóttir, Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, Kristinn Arnar Benjamínsson, Tanja Ennigarð.

Liljana Milenkoska og Magnús Magnússon boðuðu forföll.

1. Hugmyndir að sameiginlegri forvarnarstefnu fyrir Norðurland vestra, undirbúningur.

a) Hvernig á að ná sjónarmiðum ólíkra aðila inn í sameiginlega stefnu?

- Í gegnum stýrihóp
 - o Skoða bakgrunn hjá starfsfólki á starfsmannafundum.
- Foreldrafélag leikskóla
- Nemendaráð grunnskóla
- Ungmennaráð
- Skólaráð grunnskóla
- Fræðsluráð

Hugmyndir dregnar saman á næsta fundi stýrihóp

b) Taka saman þau atriði/fræðslu sem eru til staðar í sveitarfélögunum.

1. Skólahjúkrun fá betri upplýsingar um efnistösk.
2. Samningur við samtökin 78.
3. Krakkarnir í hverfinu, 1. og 2. bekkur annað hvert ár, skimun v. kynferðisbrota.
4. Fræðsla og skimun í leikskóla um einkastaðina.
5. Verum ástfangin af lífinu.
6. Hjóladagur í leikskóla, heimsókn lögreglu.
7. Heimsókn slökkviliðs í leikskóla.
8. Heimsókn slökkviliðs í 3. bekk.
9. Sjúk ást er skyldufræðsla fyrir alla krakka sem vilja fá að fara á Samfestinginn.
10. Auglýstur útivistartími.

c) Fá tillögur um verklag um mótun stefnunnar.

1. Safna saman hugmyndum og forgangsraða þeim. Mikilvægt að fá fræðslu sem nær til og grípur ungmenni. Umræða um aldur, hvar á fræðslan að vera? Fræðsla til foreldra.
 - i. Samfélagsmiðlar, samskipti
 - ii. Fíkniefni.

iii. Svefn og næring

d) Fá tilnefningu stýrihópa/forvarnateymis um fjögurra manna teymi til að móta tillögur að sameiginlegri stefnu út frá gagnaöflun.

Stýrihópur tilnefnir Sigurð Þór Ágústsson í teymið.

Fundi slitið kl. 11:00